



Umboðsmaður Alþingis  
Templarasundi 5  
101 Reykjavík

## DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ


Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340  
postur@dmr.is dmr.is

Reykjavík 9. nóvember 2020  
Tilv.: DMR19100150/0.14.1

Vísað er til erindis yðar er varðar viðbrögð dómsmálaráðherra við skýrslu á grundvelli OPCAT eftirlits umboðsmanns. Í framhaldi af skýrslu umboðsmanns skipaði heilbrigðisráðherra starfshóp til að vinna aðgerðaáætlun til úrbóta vegna ábendinga umboðsmanns í skýrslunni. Á dómsmálaráðherra tvo fulltrúa í þeim hópi. Líkt og fram kemur í bréfi heilbrigðisráðuneytisins til umboðsmanns, dags. 10. september sl., skilaði hópurinn ekki formlegri niðurstöðu, vegna þeirra anna sem Covid-19 hafði í för með sér. Hins vegar hafa á fundum hópsins verið ræddar ýmsar leiðir til þess að bregðast við ábendingum umboðsmanns. Varðandi þær ráðstafanir sem þegar hefur verið gripið til og þá starfshópa sem eru starfandi er vísað til fyrرنefnds bréf heilbrigðisráðuneytisins.

Líkt og umboðsmanni er kunnugt um var skipuð sérstök nefnd þingmanna til að vinna að heildarendurskoðun lögræðisлага á grundvelli þingsályktunar nr. 41/149. Áður en þeirri nefnd var komið á fót stóð til að vinna að endurskoðun lögræðisлага innan ráðuneytisins, meðal annars með hliðsjón af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og ábendingum nefndar Evrópuráðsins um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Þó að þeirri vinnu hafi verið frestað vegna framangreindrar vinnu við heildarendurskoðun lögræðisлага hefur ráðuneytið leitast við að fylgjast vel með starfi þingmannanefndarinnar og tilnefnt tvo tengiliði til þess að vera henni til ráðgjafar.

Loks má nefna að dómsmálaráðuneytið á fulltrúa í vinnuhópum sem eru starfandi á vegum félagsmálaráðuneytisins um öryggisgæslu og öryggisvistun. Markmið þeirrar vinnu er að endurskoða öryggisráðstafanir til þess að tryggja betur lagagrundvöll þeirra. Á grundvelli þeirrar vinnu er nú unnið að breytingum á almennum hegningarlögum og frumvarpi til nýrra laga um öryggisgæslu og öryggisvistun. Samhliða því verður einnig unnið að breytingum á öðrum lögum eftir því sem við á, þar á meðal lögræðislögum og lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk.

Fyrir hönd ráðherra  
  
Bryndís Helgadóttir